

Fundargerð framkvæmdastjórnar KGRP

Þriðjudaginn 31. janúar 2023 var haldinn í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Fundurinn hófst kl. 08:00 í Fossvogi. Mætt: Egill Heiðar Gíslason formaður, Kristján Guðmundsson varaformaður, Emilía G. Svavarsdóttir meðstjórnandi, sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur og Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri. Formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Minnisblað um líkhúsmál
3. Bálstofumál
4. Stefnumótun
5. Nýjungar varðandi greftrun
6. Önnur mál

1. Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem var samþykkt.
2. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu líkhúsmála. Líkhúsmál landsins hafa verið í ákveðnum ólestri síðustu ár. Enginn einn aðili virðist vera ábyrgur fyrir geymslu á líkum. Ekki er gert ráð fyrir að KGRP fái greitt sérstaklega fyrir líkhús samkvæmt tekjumódeli ríkisins. Tekjur kirkjugarða almennt hafa verið skertar verulega frá bankahrininu árið 2008. Komið að endurnýjun á tækjum og fjárfesta þarf í skápum og betri aðstöðu. Framkvæmdastjóri lagði fram nokkrar leiðir sem hægt er að fara. Nokkrar umræður urðu um málið. Framkvæmdastjóra var falið að ræða málið við Kirkjuráð og í framhaldi við ráðuneyti kirkjugarða.
3. Kynnt var staða bálstofu. Lagt er til að skoðaðar veri hagkvæmari leiðir í samstarfi við Kirkjuráð. Einnig er gert ráð fyrir að Danskir sérfræðingar munu koma um miðjan maí til að gera upp ofnana. Framkvæmdastjóra var falið að ræða við ráðuneyti dómsmála í samstarfi við Kirkjuráð.
4. Farið var yfir stöðu stefnumótunar. Vinnustofa með öllu starfsfólki var haldi í janúar. Gert er ráð fyrir að vinnu við stefnumótun ljúki í apríl/maí.
5. Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir varðandi greftrun. Meðal annars viðræður við Skógrækt Reykjavíkur og hugmyndir um að jarðsetja tré í grafir. Nokkrar umræður urðu á fundinum.
6. Undir liðnum önnur mál var m.a. ákveðið að næsti fundur yrði þriðjudaginn 14. mars næst komandi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 9:30.